



Lagasafn. Íslensk lög 20. apríl 2026. Útgáfa 157b. Prenta í [tveimur dálkum](#).

Lög um gæðamat á æðardúni

2005 nr. 52 18. maí

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 30. maí 2005. Breytt með: [L. 88/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). [L. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **atvinnuvegaráðherra** eða **atvinnuvegaráðuneyti** sem fer með lög þessi. [Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði.](#)

- 1. gr.
 - ☐ Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.
- 2. gr.
 - ☐ Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi.
- 3. gr.
 - ☐ [Ráðuneytið] ¹⁾ gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.
 - ☐ Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð. ²⁾
- ¹⁾[L. 126/2011, 403. gr.](#) ²⁾[Rg. 350/2011.](#)
- 4. gr.
 - ☐ Brot á lögum þessum varða sektum ... ¹⁾
- ¹⁾[L. 88/2008, 233. gr.](#)

■ 5. gr.

□ Lög þessi taka gildi þegar í stað. ...
